

Nr. 155 / 10 Hrafn GK 111***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1628
 Smíðaður: Akureyri 1983 stál
 Stærð: 680,3 brl. 1067 bt.
 Mesta lengd: 61,76 m Skráð lengd: 58,56 m
 Breidd: 9,76 m Dýpt: 6,74 m
 Vél: Wichmann 1472 kW, 1982
 Fjöldi skipverja: 27



Hrafn ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. nóvember 2010 var Hrafn GK 111 á togveiðum í kantinum norður af Patreksfirði. Veður: NA hægviðri

Skipverji var að taka við fiskikössum frá færibandni í lestinni þegar kassi féll úr annarri hendi hans niður á rennuna fyrir neðan bandið. Hin hendi hans og kassinn lögðust að bandinu og drógust undir kefli þess. Skipverjinn kallaði á hjálp en á meðan komu fleiri kassar á færibandinu og við að koma þeim frá með lausu hendinni dróst hendin lengra undir bandið. Færibaldið snérist og „spólaði“ á hendinni þar til það var stöðvað. Tveir skipverjar komu til hjálpar niður í lestina og losnaði ekki hendin fyrr en festingar á bandinu höfðu verið skrufaðar lausar og renna undir bandinu spennit frá.

Slasaði fékk verulega áverka á þrjá fingur. Við skoðun um borð og eftir samráð við lækni var búið um hendina. Veiðarfærið var þegar tekið inn og siglt inn til Þingeyrar þar sem slasaða var komið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagði að tveir kassar hafi komið þétt saman á bandinu. Hann hafi kastað þeim fyrri til hliðar. Seinni kassinn hafði þá fallið fram af bandinu en þegar hann ætlaði að taka kassann var efri endinn farinn að dragast undir keflið.



Myndin sýnir hvernig kassinn og hendin lenti undir bandinu.

Fingurgómarnir festust því strax á milli og drógust lengra inn áður en hann áttaði sig á aðstæðum;

- að færibaldið er upp undir lofti frystilestarinnar og getur snúist til beggja átta eftir því hvar verið er að raða í lestina. Við enda bandsins er komið fyrir rennu til að flytja kassana niður í lestina annað hvort í beinu framhaldi af færibandinu og er það þá hengt á króka rétt undir færibandskeflinu. Þegar verið er að raða á svæðið undir færibandinu er rennan fest á stífur sem skrúfaðar eru fastar undir enda bandsins og liggur því rennan undir færibandinu en svo var ástatt í þetta skipti. Rennubrautin er slétt en til styrkingar er endi brautarinnar beygður niður og á neðri endanum hvílir hún á hjólum svo taka megi kassana af í þægilegri hæð;
- að ekki var svigrúm fyrir kassa við enda færibandsins þegar fleiri en einn kom í einu;
- að verið var að fylla í afturhluta lestarinnar og að sögn skipverja er ekki fyllt upp í skotið sem verið var að setja í nema sýnt sé að þess þurfi. Þegar það er gert þá er þetta vinnulag viðhaft því það er mun léttara;
- að tvær mislangar gerðir af kössum eru notaðar í pökkun á aflanum og hafa aldrei verið til vandræða að sögn skipstjóra. Í þetta skipti var það styttri gerðin sem klemmdist undir bandinu enda er bilið á milli endakeflis og rennunnar minna en lengd kassans;
- að við athugun á slyssað var bandið látið snúast og tómur kassi settur upp á endann niður á brautina og hallað að því en það greip þegar kassabrunina og dró á augabragði kassann undir bandið og sýndi þar með hve gott gripið var;
- að allan túrinn er færibaldið látið ganga sökum frostsins í lestinni. Rofi til stöðvunar þess er á súlu við niðurgang í lestina. Þar er einnig búnaður til að venda snúningsáttinni og einnig er stjórnrofinn í pökkunarrými uppi á vinnsluþilfari;
- að sögn skipstjóra er verið að skoða hvort lengja megi stífurnar sem festa rennuna við færibaldið og þar með auka bilið á milli færibands og rennu;

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að þegar pláss í lestinni var orðið lítið skorti verulega á að aðstæður við móttöku á kössum væri nægjanlega öruggar fyrir skipverja.

Nefndin vill einnig benda á að staðsetning neyðarstöðvunar hefði átt að vera í seilingarfjarlægð frá skipverjum sem starfa við enda bandsins.